


Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. nóvember 2011
Tilvísun: UST20100600055/edk

Gögn móttekin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 16. september 2011 þar sem áformað var að leggja dagsektir á Íslenska kalkþörungafélagið ehf. vegna of háa útblásturs ryks. Einnig er vísað í bréf dagsett 11. október 2011 þar sem álagningu dagsekta var frestað til 10. nóvember 2011, minnisblað sem barst stofnuninni 8. nóvember sl. og mæliniðurstöður sem bárust 14. nóvember sl.


Útblástur ryks frá Íslenska kalkþörungafélaginu hefur lengi mælst yfir leyfilegum losunarmörkum, sbr. ákvæði 2.1. í starfsleyfi og áformaði Umhverfisstofnun því að leggja dagsektir á fyrirtæki til að knýja fram úrbætur í þessum málum, og áttu þær að leggjast á frá og með 19. október 2011 en álagningu þeirra var síðar frestað til 10. nóvember því til að gefa fyrirtækinu tækifæri til að skila inn nýjum mæliniðurstöðum eftir umfangsmiklar úrbætur á mengunarvarnarbúnaði sínum.

Þann 8. nóvember barst stofnuninni minnisblað með upplýsingum um að mælingar sem fram fóru 25. og 26. október sl. hafi gefið til kynna að rykmagn í útblæstri væri innan leyfilegra losunarmarkna, eða undir 10 mg/Nm³ en einnig kom fram að ástæða þætti til að endurtaka mælingarnar því grunur lá á að mæling á lofthraða í reykháfi hafi ekki verið rétt og þar af leiðandi leitt til rangrar stillingar á sýnatökubúnaði. Mælingarnar voru því endurteknar og niðurstöðurnar, sem bárust stofnuninni þann 14. nóvember sl., staðfesta að endurbætur fyrirtækisins á mengunarvarnarbúnaði hafa nú skilað tilætluðum árangri og ryk mælist nú um 5mg/Nm³. Umhverfisstofnun mun því ekki leggja dagsektir á Íslenska Kalkþörungafélagið og telst málinu lokið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 11. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

